

Skipulagslýsing fyrir Hvítasand í landi Þórustaða var auglýst frá 20. október, með athugasemdafresti til 17. nóvember 2023. Fjórar athugasemdir bárust og tólf umsagnir. Hér að neðan er samantekt umsagna og athugasemda og viðbrögð sveitarfélags við þeim.

NR	SENDANDI	SAMANTEKT	VIÐBRÖGÐ
1	Veðurstofa Íslands dags. 30.10.2023	Veðurstofan gerir ekki athugasemdir.	
2	Vegagerðin dags. 01.11.2023	<ul style="list-style-type: none"> a) Bent er á að ef skrá á lögheimili innan skipulagsreits getur landeigandi sótt um að vegur verði héraðsvegur. b) Bent er á veghelgunarsvæði stofnvega er 30m frá miðlínu og 15m frá miðlínu annarra vega. Framkvæmdir innan veghelgunarsvæðis eru háðar leyfi frá Vegagerðinni. 	<ul style="list-style-type: none"> a) Ekki er gert ráð fyrir í skipulagi að föst búseta verði á svæðinu. b) Þakkað er fyrir ábendinguna, veghelgunarsvæði verður sett fram á deiliskipulagsupprætti ef við á.
3	Isavia dags. 06.11.2023	Isavia gerir ekki athugasemdir.	
4	Umhverfisstofnun dags. 24.10.2023	<ul style="list-style-type: none"> a) Mikilvægt er að það komi fram í tillögnum áætlaður fjöldi gesta og starfsmanna sem dvelja á svæðinu að jafnaði. b) Einnig er mikilvægt að fjalla um umfang fráveitu þ.e. hversu mörgum persónueiningum það anni með tilliti til fjölda gesta. 	<ul style="list-style-type: none"> a) Í greinargerð deiliskipulags verður fjallað um áætlaðan fjölda gesta og starfsmanna á svæðinu. b) Í skilmálakafli um fráveitu í greinargerð deiliskipulags verður fjallað um fráveitumál á svæðinu.
5	Skipulagsstofnun dags. 13.11.2023	<ul style="list-style-type: none"> a) Setja þarf skipulagsákvæði fyrir nýja bryggju og heitann pott út í sjó, varðandi lengd bryggju en aðalskipulag tekur til svæðis innan netalaga sem miðast við 115m. b) Gera þarf grein fyrir lögn út í sjó til að fanga varmaorku og setja um hana skipulagsákvæði. 	<ul style="list-style-type: none"> a) Settir verða skilmálar fyrir þau byggingaráform sem áætluð eru. Gert er ráð fyrir að bryggjan verði innan netlaga sem eru 115m. b) Gerð verður grein fyrir áætluðum lögnum til að nýta varmaorku úr sjó í greinargerð deiliskipulags og hvernig þeirri framkvæmd verður háttáð.

NR	SENDANDI	SAMANTEKT	VIÐBRÖGÐ
		<p>c) Taka þarf afstöðu til þess hvort tillaga á breytingu á aðalskipulagi samræmis strandsvæðaskipulagi Vestfjarða. Gera þarf grein fyrir legu mannvirkja innan skipulagssvæðisins og áhrifum á aðra nýtingu á strandsvæðinu.</p> <p>d) Setja þarf skilmála í deiliskipulagi um fjölda og umfang potta og lauga auk skilmála um önnur mannvirki og frágang.</p> <p>e) Bent er á að við afmörkun lóða á svæðinu skal gæta þess að rými sé fyrir aðkomu að sjó. Utan þéttbýlis skal ekki reisa mannvirki næst sjó en 50m nema með undanþágu innviðaráðuneytisins.</p>	<p>c) Við vinnslu breytingar aðalskipulags verður tekin afstaða um hvort að breytingin samræmist strandvæðaskipulagi Vestfjarða.</p> <p>d) Settir verða skilmálar um öll þau mannvirki sem fyrirhuguð eru á svæðinu.</p> <p>e) Aðkoma að sjó verður ekki skert og einnig er gert ráð fyrir aðstöðu fyrir sjósund fyrir almenning. Sótt verður um undanþágu ef mannvirki verða reist nær en 50m frá sjó.</p>
6	<p>Náttúrustofa Vestfjarða</p> <p>dags. 13.11.2023</p>	<p>a) Holtsoddi og nágrenni eru mikilvæg varpsvæði fyrir að minnsta kosti sex fuglategundir. Um 45 fuglategundir hafa sést, þar af nokkrar á válista. Mannvirki og umferð geta truflað fuglalíf, sérstaklega kríur sem laðast að malarsvæðum og bílastæðum.</p> <p>b) Svæðið inniheldur gróður og vistgerðir með hátt verndargildi, t.d. grashólavist. Svæðið er viðkvæmt fyrir álagi frá gangandi og akandi umferð. Þó engin vistgerð sé sérstaklega vernduð, ætti að hafa náttúruverndarlög til hliðsjónar.</p> <p>c) Erfitt er að átta sig á því svæði sem mun raskast og mikilvægt er að sýna mörk deiliskipulags í gögnum. Nauðsynlegt er að hafa samráð við Náttúrustofu og Náttúrufæðistofnun á skipulagsstigi.</p> <p>d) Talið er að framkvæmdin hafi mikið rask í för með sér og er talið nauðsynlegt að gera rannsóknir á fuglabúsvæðum til að greina áhrif framkvæmda. Einnig þarf að kortleggja gróður og vistgerðir áður en framkvæmdir hefjast. Lagt er til að eftirlit ætti að vera á framkvæmdartíma sem gætir hagsmuna fugla og vistgerða.</p>	<p>a) Í umhverfisskýrslu verður tekið á þeim þáttum sem fram koma í umsögn. Hugað verður að því við framkvæmd og hönnun að leggja áherslu á að draga úr truflun á fuglalífi eins og kostur er.</p> <p>b) Hugað verður að vistgerðum á svæðinu og sett verður í skilmála deiliskipulags að halda raski á svæðinu í lágmarki bæði við hönnun svæðisins og á meðan framkvæmdum stendur.</p> <p>c) Á uppdrætti deiliskipulags verða mörk deiliskipulags sýnd og einnig verður yfirlitsmynd með mörkum skipulagsins svo hægt verði að átta sig betur á skipulagssvæðinu.</p> <p>d) Skoðað verður með að kanna áhrif framkvæmdar á fuglalíf og hvort nauðsyn krefjist að hafa eftirlit með því á framkvæmdartíma. Unnin hefur verið úttekt á fuglalífi á svæðinu og verður litið til þeirra mótvægisáðgerða sem þar eru lagðar fram og kortlagning á gróðri og vistgerðum.</p>
7	<p>Landsnet</p> <p>Dags. 13.11.2023</p>	<p>Landsnet gerir ekki athugasemdir.</p>	

NR	SENDANDI	SAMANTEKT	VIÐBRÖGÐ
8	Orkubú Vestfjarða Dags. 14.11.2023	Orkubú Vestfjarða gerir ekki athugasemdir.	
9	Náttúrufræðistofnun Íslands Dags. 15.11.2023	<ul style="list-style-type: none"> a) Svæðið hefur mikið náttúruverndargildi og er í mikilli nálægð við svæði á C-hluta náttúruminjaskrár. Uppbyggingarsvæði lendir innan skilgreinds hverfisverndarsvæðis í aðalskipulagi. Ígrunda þarf vel hvort að staðsetningin henti fyrir slíka starfsemi vegna mögulegra neikvæðra áhrifa á náttúru. b) Áhrif af framkvæmd mun verða á fuglalíf á svæðinu. Nokkrar tegundir á svæðinu eru á valista Náttúrufræðistofnunar og metnar í nokkurri hættu. Hætta er á að æðarvörpin geti orðið fyrir neikvæðum áhrifum af uppbyggingunni. Truflun vegna hávaða og umferðar þarf að nefna þar sem það getur valdið skaða í varpi og á uppeldistíma æðarunga. c) Ekki er fjallað um friðlýstu æðarvörpin í skipulagslýsingunni. d) Á svæðinu eru viðkvæmar vistgerðir með hátt verndargildi, t.d. grashólavist. Rask getur ógnað þessum vistgerðum. e) Það er mat Náttúrufræðistofnunar að nauðsynlegt sé að gera þurfi betri úttekt á náttúru svæðisins þ.m.t. að kortleggja nákvæmlega gróðurfar og skoða hvaða plöntutegundir finnast á mögulegu framkvæmdasvæði. Gera þyrfti úttekt á fuglalífi og kortleggja útbreiðslu og þéttleika varpfugla á svæðinu og meta hvaða mótvægisáðgerðir eru nauðsynlegar. f) Nýta á varmaorku úr sjónum en ekki er fjallað um hvernig sú orkuvinnsla mun fara fram, hvaða innviðaupbygging sé nauðsynleg í því sambandi eða hver umhverfisáhrif af henni yrðu. Einnig þarf að greina betur frá áætluðu skipulagi veitumannvirkja þ.m.t. fráveitu, sem og göngustíga, áningarstaða o.fl. sem vænta má að nauðsynlegt verði að framkvæma. 	<ul style="list-style-type: none"> a) Við mótun deiliskipulags verður tekið mið af skilmálum sem gilda um hverfisverndarsvæðið. Náttúruminjarnar sem þarna er vísað til eru í nokkurri fjarlægð við áætlað framkvæmdasvæði vegna baðstaðarins, annars vegar handan Holtsbryggju, innan Holtsodda og hins vegar mýrlendi ofan vegar milli Þórustaða og óss Bjarnardalsár. b) Áhrif uppbyggingar skv. skipulagstillögu á fuglalíf verða metin og gerð úttektar á fuglalífi. c) Fjallað verður um friðlýst æðarvörp í greinargerð deiliskipulags. d) Hugað verður að vistgerðum á svæðinu og sett verður í skilmála deiliskipulags að halda raski á svæðinu í lágmarki bæði við hönnun svæðisins og á meðan framkvæmdum stendur. e) Unnar hafa verið úttektir á bæði gróðri og fuglalífi. f) Gerð verður grein fyrir þeim innviðum sem þarf til að nýta varmaorku úr sjó í greinargerð deiliskipulags og hvernig þeirri framkvæmd verður háttáð. Í skilmálakafli um fráveitu í greinargerð deiliskipulags verður fjallað um fráveitumál á svæðinu og í öðrum köflum verður fjallað um aðra uppbyggingu á svæðinu s.s. göngustíga. g) Í umhverfismatsskýrslu verður tekið á þeim þáttum sem fram koma í umsögn þar á meðal áhrif á ásýnd og landslag.

NR	SENDANDI	SAMANTEKT	VIÐBRÖGÐ
		g) Áhrif uppbyggingar á landslag þarf að meta vandlega.	
10	Hverfisráð Önundarfjarðar Dags. 16.11.2023	<p>a) Huga þarf að stýringu gesta um svæði utan bílastæða á varptíma og að öll framkvæmd sé gerð af tillitssemi við umhverfið og náttúruna.</p> <p>b) Það er mikilvægt að halda því skipulagi sem fyrirhugað er að Holtsfjaran og umhverfi Holtsbryggju verði áfram óbreytt útivistarsvæði.</p>	<p>a) Gerð verður grein fyrir áhrifum á fuglalíf í greinargerð deiliskipulags þar sem fjallað verður um mótvægisáðgerðir varðandi fuglalíf á svæðinu.</p> <p>b) Aðkoma að sjó og umhverfi Holtsbryggju verður ekki skert og einnig er gert ráð fyrir aðstöðu fyrir sjósund fyrir almenning.</p>
11	Sveitarstjórn Súðarvíkurhrepps Dag. 13.11.2023	Sveitarstjórn tekur jákvætt í erindið og veitir jákvæða umsögn að því gefnu að sátt sé í nærumhverfi um verkefnið.	
12	Þjóðkirkjan Dags. 07.12.2023	<p>a) Á jörðinni Holti er friðslýst æðarvarp þar sem segir í friðlýsingarskilmálum að öll umferð og röskun sé bönnuð nema með leyfi varpeigenda. Þetta á líka við um umferð frá sjó. Friðlýsing var samþykkt árið 2022 sem gildir í 10 ár frá birtingu í Lögbirtingarblaðinu. Friðlýsingin er innan við veginn sem ætlaður er sem leið að baðstaðnum</p> <p>b) Ekki hefur verið gengið frá landamerkjum með hnitsetningu og eru landamerkin því nokkuð óljós. Nauðsynlegt er að skýra þau mörk og ganga frá hnitsetningu þeirra áður en farið verður í að breyta aðalskipulagi og gera deiliskipulag. Aðkoma og bílastæði eiga að vera innan landmerki Holts en ekki hafa farið fram umræður og því engin samþykkt fyrir því. Vísað er til rits Kjartans Ólafssonar um mörk Holts.</p> <p>c) Óljóst er hvort og að hvaða marki fyrirhuguð framkvæmd liggur innan landamerkja Holts. Fyrirhugaðri framkvæmd er því</p>	<p>a) Friðlýsing æðarvarps gildir á tímabilinu 15. apríl til 14. júlí ár hvert. Friðlýsingin felur í sér að innan friðlýstra svæða er öll óviðkomandi umferð og röskun bönnuð, svo og óþarfa hávaði af völdum manna og véla, nema með leyfi varpeiganda. Um þetta verður fjallað í deiliskipulagi og mörk svæðisins sýnd.</p> <p>b) Haft hefur verið samráð við Þjóðkirkjuna og landamerki yfirfarin. Viljayfirlýsing vegna framkvæmdanna liggur fyrir þar sem Þjóðkirkjan lýsir sig samþykka fyrirhuguðum framkvæmdum við baðstað.</p> <p>c) Sjá svar b).</p>

NR	SENDANDI	SAMANTEKT	VIÐBRÖGÐ
		mótmælt og hefur Þjóðkirkjan sem er þinglýstur landeigandi Holts, ekki gefið samþykki fyrir framkvæmdum innan þess lands.	
Athugasemdir			
1	Sigurður Guðmundur Sverrisson Dags. 03.11.2023	<ul style="list-style-type: none"> a) Æðarvarpið í Holti er innan við veginn sem er ætlaður að baðstaðnum og mun honum fylgja mikil umferð á framkvæmdartíma sem og við rekstur baðstaðarins. Erfitt er að sjá að það samrýmist friðlýsingu æðarvarpsins. Nauðsynlegt er að lágmarka alla umferð í fjörunni og við varpið á friðunartíma. b) Vandséð er hvernig því verður komið að setja upp áningarstað án þess trufla æðarvarp. c) Ekkert samtal hefur átt sér stað við þá sem reka æðarvörp um að slíkur áningarstaður verði settur upp. d) Ekki kemur fram í lýsingunni sú hávaðamengun sem mun verða við notkun varmaskiptis. 	<ul style="list-style-type: none"> a) Takmarkanir eru á umferð um æðarvarpið á varptíma og verður litið til þess við mótun skipulagsins m.a. með ákvæðum um hvenær framkvæmdir eiga sér stað. b) Áningarstaður verður hannaður þannig að hann falli sem best að umhverfinu og hafi lágmarks áhrif á æðarvarp. c) Leitað verður leiða til þess að uppbyggingu verði hagað þannig að hún verði í sátt við umhverfið og hún kynnt eftir föngum. d) Í umhverfisskýrslu deiliskipulags verður komið inn á hávaðamengun og mótvægisáðgerðir ef þörf er á.
2	Jón Guðmundsson Dags. 04.11.2023	<ul style="list-style-type: none"> a) Nafnið Hvítisandur þekkist ekki meðal heimafólks. b) Aðalskipulag er í endurskoðun og ættu mikilvægar breytingar að vera skoðaðar í heildarsamhengi þeirrar endurskoðunar. c) Ekki eru dregin upp skipulagsmörk fyrir skipulagssvæðið. d) Ekki kemur fram hvernig deiliskipulagi verður háttað. e) Ekki kemur fram að leitað hafi verið annarra kosta varðandi staðsetningu slíkrar starfsemi. f) Augljóst er að nýta á aðdráttarafli svæðisins til að fá fólk til að koma í böðin. g) Hvergi kemur fram í gögnum að meta eigi massatúrisma inn á svæðið. 	<ul style="list-style-type: none"> a) Þakkað er fyrir ábendinguna. Hvítisandur er gamalt örnefni fyrir svæðið og má m.a. finna í örnefnasjá Landmælinga Íslands. b) Aðalskipulagsbreyting verður sett fram sem sérstök breyting á aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar. c) Skipulagsmörk fyrir svæðið verða sett fram í deiliskipulagi. d) Skipulagslýsing tekur aðeins á frumdrögum verkefnisins með lýsingu á því og hvernig því verður háttað. e) Í aðalskipulagsbreytingu og nýju deiliskipulagi verða valkostir bornir saman í umhverfisskýrslu þar sem núverandi ástand er borið saman við tillögu uppbyggingar en ekki er um aðra valkosti staðsetningar að ræða.

NR	SENDANDI	SAMANTEKT	VIÐBRÖGÐ
		<p>h) Meta verður heildaráhrif þess að setja niður verslunar- og þjónustusvæði á svæðinu,</p> <p>i) Umbreyting á svæðinu kallar á uppbyggingu innviða á svæðinu s.s. vegi lagnir ofl.</p> <p>j) Umbreytingin kallar á margvíslega þjónustu af hálfu sveitarfélagsins. Hver á að tína það rusl sem fylgir massatúrisma? Lífsgæði heimamanna og nágranna verða skert þegar svæðið er tekið undir massatúrisma.</p> <p>k) Engin þarfagreining á verslunar- og þjónustusvæði virðist hafa verið gerð umfram ásetning þeirra sem fjárfesta í hugmynd sem spillir svæðinu.</p> <p>l) Engin greining á öðrum valkostum fyrir böðin virðist hafa farið fram né áhrif framkvæmdar á mannlíf og atvinnulíf á svæðinu.</p> <p>m) Böðin eiga að vera upphituð en ekki er minnst á það hvaðan sú orka á að koma.</p> <p>n) Hvers vegna getur uppbygging ekki farið fram á Flateyri þar sem innviði eru til staðar?</p> <p>o) Varpið er að stærstum hluta í landi Holts en ekki Þórustaða, vegslóðinn liggur einnig um krúvarp.</p> <p>p) Með uppbyggingunni munu ferðamenn koma á svæðið í stað þess að fara annað. Ferðaþjónustuaðilar á Flateyri munu missa viðskipti.</p> <p>q) Náttúruverndarsvæðið Holtsengjarnar, reyndar líka mikilvægt örnefni í Gíslasögu Súrssonar, er þarna rétt hjá – nær væri að vikka það út og láta ná til strandlengjunnar.</p>	<p>f) Með uppbyggingu baðanna mun einnig verða útbúin aðstaða fyrir sjósund fyrir almenning og njóta íbúar góðs af því.</p> <p>g) Í deiliskipulagi verða settir fram skilmálar um fjölda gesta og starfsmanna á svæðinu.</p> <p>h) Í umhverfisskýrslu aðalskipulagsbreytingar og deiliskipulagi verður tekið á þeim þáttum.</p> <p>i) Í deiliskipulagi verða settir fram skilmálar sem taka á öllum þeim þáttum sem fylgja uppbyggingunni.</p> <p>j) Á verslunar- og þjónustusvæðum í sveitarfélaginu þarf að fylgja ákveðnum kröfum af hálfu sveitarfélagsins og stefnu í aðalskipulagi. Nú þegar hefur almenningur aðgengi að svæðinu og mun aðstaða á svæðinu verða bætt s.s með ruslatunnum og gönguleiðum. Skilmálar verða settir fram í deiliskipulagi að uppbyggingaraðili þurfi að halda umráðarsvæðinu snyrtilegu sem frágangi framvæmdarinnar.</p> <p>k) Skipulagslýsing lýsir verkefninu en aðalskipulagsbreyting tekur á þeim þáttum sem metnir eru í umhverfisskýrslu.</p> <p>l) Tekið verðu á þeim þáttum í umhverfisskýrslu.</p> <p>m) Í skipulagslýsingu er sagt frá því að áformað er að nýta varmaorku úr sjónum.</p> <p>n) Hluti af aðdráttarafli staðarins verður einstök staðsetning í fjörunni.</p> <p>o) Þakkað er fyrir ábendinguna.</p> <p>p) Með tilkomu baðanna mun svæðið í heild draga til sín fleiri ferðamenn þar á meðal til Flateyrar þar sem ferðamenn þurfa að sækja í aðra þjónustu en böðin.</p> <p>q) Þakkað er fyrir ábendinguna.</p>

NR	SENDANDI	SAMANTEKT	VIÐBRÖGÐ
3	<p>Sólveig Bessa Magnúsdóttir</p> <p>Björgvin Sveinsson</p> <p>Ábúendur og eigendur Innri Hjarðardal Önundarfirði</p> <p>Dags. 06.11.2023</p>	<p>a) Gerð er athugasemd við framkvæmdir af þessari stærðargráðu sem fyrirhugaðar eru. Í firðinum eru æðarvörp á 6 jörðum og sum þeirra eru friðlýst á tímabilinu 15. apríl - 14. júl m.a. vörpin sem liggja að landi Þórustaða. Fyrirhugaðar framkvæmdir liggja þar að leiðandi milli tveggja friðlýstra æðarvarpa. Fjarlægð frá fyrirhuguðum byggingum í friðlýst æðarvarp í Innri Hjarðardal er um 350 metrar. Við teljum mikla hættu á að baðlón og umferð á þessu svæði muni hafa umtalsverð neikvæð áhrif og röskun á atferli fugla á svæðinu og í nærliggjandi æðarvörpum.</p> <p>b) Athygli er vakin á því að ásynd sandfjörunnar og Holtsodda er einstök. Með mannvirkinu breytist ásynd svæðisins. Auk þess sem hættu er á að umferð bíla og fólks gjörbreyti svæðinu.</p> <p>c) Athugasemd er við að engin grenndarkynning eða samráð hafi farið fram meðan verkefnið var í vinnslu.</p> <p>d) Hver ætlar að tryggja þau réttindi að sturtuaðstaða verði gerð fyrir almenning? Ótrúverðugt er að fuglahús komi í veg fyrir truflun á fuglalífi. Að mannvirkinu þarf að leggja lagnir og bílastæði en engar útfærslur er að sjá í lýsingunni. Talið er að fyrirhuguð bygging geti varla talist lágmarks röskun á náttúru og umhverfi.</p> <p>e) Við gerum þá kröfu að meginreglur náttúrverndarlaga séu virtar.</p> <p>f) Við teljum einnig að þessi framkvæmd sé á skjön við það hvað samfélagið vill og þarfnast. Það má m.a. sjá í íbúakönnun landshluta 2020 þar sem kemur fram sú niðurstaða að hæstu skor fyrir búsetuskilyrðum eru náttúran, friðsæld, öryggi og loftgæði.</p> <p>g) Að lokum viljum við hvetja alla aðila málsins að leita leiða til að finna verkefninu annan farveg og sætta sjónarmið, s.s. að koma fyrir salernisaðstöðu og einföldum búningsklefum við Holtsbryggju og tengja baðlón Sundlauginn á Flateyri.</p>	<p>a) Ljóst er að skipulagssvæðið í nálægð við varpið krefst aðgæslu á varptíma.</p> <p>b) Þar sem uppbygging er áætluð er svæðinu að stórum hluta raskað vegna námu og flugvallar. Í umhverfisskýrslu verður tekið á þeim þáttum sem fram koma í umsögn þar sem verður fjallað um áhrif á ásynd og landslag. Í deiliskipulagi verða kröfur um að hönnun mannvirkja verði þannig að þau falli sem best að landslagi.</p> <p>c) Skipulagslýsing tekur aðeins á frumdrögum verkefnisins með lýsingu á því og hvernig því verður háttað. Á síðari stigum deiliskipulags verða skipulagstillögur kynntar í samræmi við skipulagslög. Þegar unnið er deiliskipulag er ekki krafa um grenndarkynningu.</p> <p>d) Fjallað verður um þessi atriði í deiliskipulagi.</p> <p>e) Tekið er undir það.</p> <p>f) Þakkað er fyrir ábendinguna en markmið verkefnisins er að skapa spennandi áfangastað sem verði verði aðdráttarafl fyrir íbúa sveitarfélagsins og ferðamenn.</p> <p>g) Þakkað er fyrir ábendinguna.</p>

NR	SENDANDI	SAMANTEKT	VIÐBRÖGÐ
4	<p>Sigríður Hagalínsdóttir</p> <p>Skafti Þ. Halldórsson</p> <p>Sólveig Skaftadóttir</p> <p>Sigrún Skaftadóttir</p> <p>Dags. 16.11.2023</p>	<p>a) Sorglegt að það eigi að koma fyrir svo stórum mannvirkjum á þessum fallega stað með tilheyrandi raski og truflun fyrir fuglalíf, ekki síst æðarvarp sem hefur verið byggt upp í árána rás. Æðarvarp í landi Þórustaða hefur verið varið með öllum ráðum.</p> <p>b) Matsspurningar sem settar eru fram í umhverfismatsskýrsluhluta skipulagslýsingarinnar eru fáar og opnar spurningar. Ekki eru sett fram mælanleg viðmið um þau áhrif sem framkvæmdir og rekstur baðlóns mega hafa án þess að raska um of náttúrunni og hagsmunum nágretta sitthvorum megin við framkvæmdasvæðið. Æskilegt væri að lagt yrði mat á grunnvatn og vatnsgæði og varnir gegn megnun grunnvatns.</p> <p>c) Engar mótvægisáðgerðir eru nefndar í skipulagslýsingu og engar kvaðir um aðgerðir til að vernda æðarvarpið.</p> <p>d) Stutt skipulagslýsing sem sett er fram sem grundvöllur aðalskipulagsbreytingar í kynningu er ekki í samræmi við venjur og almennar kröfur sem gerðar eru.</p> <p>e) Vert er að athuga hvort skipulagssvæðið falli yfir höfuð innan umráða aðalskipulagsins eða hvort strandsvæðiskiplagið eigi við um svæðið.</p> <p>f) Gera verður athugasemd við nafngjöfina, Hvítisandur. Það er ekki þekkt frá fyrri tíð.</p> <p>g) Fyrirhugað er að nota varmaorku úr sjó til að hita upp baðlónið í Holtsfjöru. Sjávarkuldi í Önundarfirði er mikill og fer hitinn allt niður fyrir 1 gráðu og er mögulega hæstur í kring um 10 gráður einhverja daga síðsumars. Ekki hefur þessi tækni verið mikið notuð á Vestfjörðum og það er vert að spurja hvort að rétt sé að byrja á því að nýta þessa tækni fyrir afþreyingarböð fyrir fáa sem mun líklega vera í lítilli starfsemi yfir vetrarmánuðina, meðan íbúar svæðisins borga hátt gjald fyrir sína orku?</p>	<p>a) Hugað verður að því við framkvæmd og hönnun að leggja áherslu á að draga úr truflun á fuglalífi eins og kostur er.</p> <p>b) Í umhverfisskýrslu deiliskipulags eru settar fram matsspurningar og umfjöllun í samræmi við stöðu áætlananna. Viðmið eru sótt í aðalskipulag sveitarfélagsins, lög, reglugerðir og stefnuskjöl stjórnvalda. Metið verður hvort ástæða er til að meta áhrif á grunnvatn og vatnsgæði.</p> <p>c) Í greinargerð deiliskipulag verða settir þeir skilmálar og mótvægisáðgerðir sem eiga við. Fjallað verður um grunnvatn og varnir gegn mengun grunnvatns.</p> <p>d) Skipulagslýsing tekur aðeins á frumdrögum verkefnisins með lýsingu á því og hvernig því verður háttað.</p> <p>e) Allar framkvæmdir eru áformaðar innan sveitarfélagamarka en strandsvæðiskiplagið á við utan sveitarfélagamarka.</p> <p>f) Þakkað er fyrir ábendinguna. Hvítisandur sem er gamalt örnefni fyrir svæðið og má m.a. finna í örnefnasjá Landmælinga Íslands.</p> <p>g) Ljóst er að slík tækni hefur ekki verið mikið nýtt á Vestfjörðum en talið er að tæknin henti vel fyrir verkefnið.</p> <p>h) Fjallað verður um áhrif á æðarvarp, fugla og fjöru í deiliskipulaginu.</p> <p>i) Áhrif á samfélag verða metin í umhverfismatsskýrslu.</p> <p>j) Í vinnslu er Svæðisskipulag Vestfjarða 2025 – 2050 en fram kemur í lýsingu svæðisskipulagsins að ferðaþjónusta á Vestfjörðum hefur vaxið og er mikil ásókn yfir sumartímann en erfitt hefur reynst að reka ferðaþjónustu sem heilsársgrein. Í nýju Svæðisskipulagi Vestfjarða eru helstu áherslur og helstu tækifæri á svæðinu aukin ferðaþjónusta.</p> <p>k) Umfjöllun í deiliskipulagi mun varpa ljósi á þessa þætti.</p>

NR	SENDANDI	SAMANTEKT	VIÐBRÖGÐ
		<p>h) Gildi vikurinnar og sandsins er ótvírætt og byggir fyrst og fremst á tvennu, æðarvarpi og öðru fuglavarpi sem verður raskað með þessum framkvæmdum og svo útsýninu. Ægífögru útsýni frá Holtsbryggju verður raskað með þessum aðgerðum. Svæðið verður manngert fremur en náttúrulegt. Helsta sambærileg sandfjara landsins er Rauðisandur. Hvernig skyldu menn bregðast við fyrirætlunum um 900 fermetra húsnæði og böðum á miðjum Rauðasandi? Slíkar framkvæmdir og bygging af þessari stærðargráðu eru á margan hátt óafturkræfar.</p> <p>i) Mikilvægt er að horft verði til þeirra samfélagslegu áhrifa sem hafa nú þegar hlotist og þeirra áhrifa sem hljóta komi þetta baðlón til framkvæmda á þessum stað.</p> <p>j) Um dýra framkvæmd er að ræða. Straumur ferðafólks um svæðið er langt því frá stöðugur yfir árið og líklegt er að það þurfi að ná inn tekjum fyrir rekstur lónsins yfir sumartímann, viðkvæmasta tíma fyrir æðarvarpið. Má leiða getum að rekstrarumhverfi fyrir slíka starfsemi sem áformuð er sé nokkuð erfitt. Gangi rekstur þessi ekki upp, má velta því fyrir sér hvort að sveitarfélagið hafi áform um að taka yfir mannvirkin og tryggja að rekstur haldi þarna áfram eða hvað taki við?</p> <p>k) Ekki er tekið tillit til starfa þess fólks sem hefur atvinnu af æðarvarpi við þessa fjöru né samfélagsleg áhrif. Ekkert samtal hefur verið við nágrannabændur. Ekkert er sagt um rask fjörunnar á vinnslutíma og áhrif á fuglalíf á byggingartíma. Ekki kemur fram á uppdráttum neitt um æðarvörpin. Hér er raunar verið að ganga freklega á rétt nágrannabænda og náttúrunnar. Þá er þetta ákaflega áhættusöm framkvæmd fjárhagslega og ekki hugað að því hver áhrif það hefði á umhverfi ef illa færi. Refahús sem grotna niður víða í Önundarfirði og prýða lítt svæðið ættu þó að gefa tilefni til slíks.</p>	

